

Efnahags- og viðskiptanefnd
Nefndasvið Alþingis
150 Reykjavík

Reykjavík, 31. maí 2012

VARÐAR: Umsögn um þingskjal 1169 – 731. mál, frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 87/1992, um gjaldeyrismál, með síðari breytingum (rýmkun heimilda, aukið eftirlit, hækkun sekta o.fl.).

Lögmenn LOGOS í Reykjavík og London, í samstarfi við alþjóðlegu lögmennsstofuna Bingham McCutchen (London) LLP, er hópi kröfuhafa sem eiga kröfur gagnvart sumum föllnu íslensku bönkunum („bankarnir“) til ráðgjafar. Umbjóðendur okkar hafa unnið náið með slitastjórnnum Kaupþings hf. og Glitnis hf. við undirbúning að gerð nauðasamninga, einkum í kjölfar setningu laga nr. 78/2011, er breyttu lögum nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, sem leggja sérstaka áherslu á að gera það kleift og einfalda að ljúka slitameðferð fjármálafyrirtækja með gerð nauðasamnings.

Gjaldeyrishömlur, og undantekningar frá þeim, eru veigamikill þáttur í tengslum við gerð nauðasamninga bankanna. Því óskar LOGOS eftir að koma á framfæri umsögn við ofangreint frumvarp til laga um breytingar á nefndum lögum.

Lögum nr. 87/1992, um gjaldeyrismál, var síðast breytt með lögum nr. 17/2012. Með lögnum voru ýmsar undanþágur fjármálafyrirtækja í slitameðferð felldar brott. Að auki var Seðlabanka Íslands falið, samkvæmt 5. mgr. 13. gr. n, sbr. 3. gr. laga nr. 17/2012, svo fljótt sem við yrði komið, að setja reglur um undanþágur frá 2. mgr. 13. gr. b vegna reiðufjár í erlendum gjaldeyri sem til félli eftir 12. mars 2012 og er í eigu lögaðila samkvæmt 4. mgr. hjá erlendum fjármálafyrirtækjum eða hjá Seðlabanka Íslands. Umræddar reglur hafa ekki enn verið settar.

Í frumvarpinu nú eru lagðar til frekari breytingar á lögum nr. 87/1992, um gjaldeyrismál. Gerðar eru athugasemdir við c-lið 8. gr. frumvarpsins, sem leggur til að við 13. gr. j bætist tvær nýjar málsgreinar, sem eru svohljóðandi:

Eingreiðslur og greiðslur vegna gjaldfellinga eða gjaldprotaskipta teljast ekki til samningsbundinna afborgana í skilningi 1. mgr.

Gjaldeyriviðskipti og fjármagnshreyfingar á milli landa vegna greiðslna samkvæmt ákvæði þessu skulu hafa hlotið staðfestingu Seðlabanka Íslands áður en þær eru framkvæmdar. Seðlabanki Íslands setur reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.


Verði ákvæði c-liðar 8. gr. frumvarpsins samþykkt óbreytt er fyrirsjáanlegt að þessi nýju ákvæði, sem yrðu 8. og 9. mgr. 13. gr. j, geti haft áhrif á fyrirhugaða nauðasamninga bankanna, sem fela m.a. í sér áætlanir um mögulega útgáfu skuldabréfa til handa kröfuhöfum. Í fyrsta lagi leiðir af fyrri málsgrein c-liðar 8.

gr. að greiðslur vegna gjaldfellingar samkvæmt skuldabréfum er gefin yrðu út í tengslum við nauðasamninga yrðu ekki undanþegnar banni við fjármagnshreyfinga milli landa og þar af leiðandi óheimilar. Í öðru lagi leiðir af síðari málsgrein c-liðar að Seðlabankinn þyrfti að staðfesta gjaldeyrisviðskipti og fjármagnshreyfingar í tengslum við afborganir af slíkum skuldabréfum áður en þær eru framkvæmdar. Að óbreyttu, þ.e.a.s. ef c-liður 8. gr. frumvarpsins verði lögfestur og setji Seðlabankinn ekki reglur eða veiti undanþágur í tengslum við nauðasamninga bankanna, geta þessi ákvæði haft neikvæð áhrif á nauðasamningsumleitanir bankanna. Að auki hlýst óvissa af því að Seðlabankinn hefur ekki enn sett reglur samkvæmt nýrri 5. mgr. 13. gr. n, sem áður er nefnd.

Til að taka af tvímæli er lagt til að Efnahags- og viðskiptanefnd leiti leiða til að kveða sérstaklega á um nauðsynlegar undanþágur frá lögunum í tengslum við nauðasamninga bankanna, eða kveði að minnsta kosti skýrlega á um að Seðlabankanum sé heimilt og beri að setja reglur um slíkar undanþágur svo fljótt sem við verður komið.

Eru lögmenn LOGOS reiðubúnir að koma fyrir Efnahags- og viðskiptanefnd og lýsa frekar afstöðu sinni til frumvarpsins.

F.h. LOGOS lögmannsþjónustu



Óttar Pálsson hrl.